



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 3/2020 um bann við notkun endurvarpa

(1) Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur m.a. það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laga um fjarskipti nr. 81/2003. Í því felst m.a. að koma í veg fyrir skaðlegar fjarskiptatruflanir. Með skaðlegri truflun er átt við truflun sem setur í hættu, rýrir alvarlega, hindrar eða truflar endurtekið þráðlausa fjarskiptaþjónustu, sbr. 40. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um fjarskipti.

(2) Í maí sl. fékk PFS tilkynningu frá Sýn hf. (Vodafone) um að farnetssendir fyrirtækisins í Vindáshlíð í Mosfellsbæ sem sendir út á 890 MHz væri að verða fyrir truflun sem skaðaði farsímamerki frá sendinum og þar með farsímasamband á svæðinu, sbr. mál nr. 2020050057. Þann 27. maí sl. fór starfsmaður PFS á svæðið til að gera mælingar og finna orsök truflunarinnar. Við þessa athugun kom í ljós að farsímaendurvarpi í eigu [...], sem staðsettur var nokkuð frá bæjarhúsinu væri að valda hinni skaðlegu truflun. Þegar farsímaendurvarpinn var aftengdur hætti hin skaðlega truflun.

(3) Samkvæmt upplýsingum PFS var umræddur farsímaendurvarpi settur upp án samráðs og án heimildar þeirra farnetsrekenda sem eru með senda á umræddu svæði.

(4) Þá tekur PFS það fram að uppsetning þráðlauss sendibúnaðar sem sendir út á leyfisskyldum tíðnisviðum er óheimil án samráðs og heimildar þeirra sem hafa öðlast afnotarétt viðkomandi tíðnisviða.

(5) Til upplýsingar þá er tekið fram í 2. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga að valdi tæki skaðlegri truflun er PFS heimilt að beina tilmælum til eiganda um að hann grípi á eigin kostnað til viðeigandi úrbóta án tafar, taki t.d. niður, færi eða fjarlægji við komandi hlut sem veldur skaðlegri truflun. Vanræki eigandi að framkvæma slík fyrirmæli um úrbætur getur PFS látið vinna verkið á kostnað eiganda sbr. 3. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti og er kostnaður vegna þessa aðfararhæfur sbr. lög um aðför nr. 90/1989. PFS telur á hinn bóginn að ekki komi til skoðunar að krefjast úrbóta í máli þessu, þar sem ekki er fyrir heimild til að nota hinn truflanavaldandi búnað yfir höfuð og hann hefur verið aftengdur.

(6) Til frekari upplýsingar þá er PFS heimilt skv. 1. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti að taka í sínar vörslur búnað sem veldur skaðlegri truflun. Þar sem hinn truflanavaldandi búnaður hefur verið aftengdur og ekki tengdur að nýju telur PFS ekki ástæðu til þess að svo stöddu að gera kröfu til þess að eigandi láti búnaðinn af hendi.

(7) Með vísan til framangreinds og 1. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti er PFS nauðsynlegt að taka þá ákvörðun að banna notkun farsímaendurvarpans.

Ákvörðunarorð

1. Bannað er að nota farsímaendurvarpa í eigu [...], sjá viðauka I, og staðsettur er að [...].
2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Póst- og fjarskiptastofnun, 29. maí 2020

Hrafnkell V. Gíslason

Hjalti Pálmason